

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum félaga haldinn 10.maí 2013 í húsi ÍSÍ að Engjavegi 4. og hófst kl. 19.30

Mættir: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Sturlaugur Gunnarsson, Guðjón Hafliðason, Kristinn Grétuson, Einar Már Ríkharðsson, Gry Ek, Óskar Ingi Víglundsson

Þetta gerðist:

1. Sigurjón setti fundinn og óskaði mönnum velkominn. Hann upplýsti að Helgi Hauksson, alþjóðadómari, hafði aflað sér réttinda sem Cat. 1 dómari hjá IPF. Fundurinn fagnaði því og óskaði Helga til hamingju.
2. Afreksstefna KRAFT.
Sigurjón kynnti umræðu sem hefur átt sér stað í stjórn KRAFT um afreksstefnuna og breytingar sem hafa verið gerðar, en klassísk mót hafa verið bætt inn. Sigurjón sagði frá umræðu um klassískar kraftlyftingar á nýafstöðnu þingi EPF. Þar voru menn sammála um að fara sér hægt í að fjölga stórum mótum á mótaskrá og ætla að endurskoða stefnu sína 2017.
 - Tillaga kom fram um að KRAFT leggi til við tækninefnd IPF að hnévaflingar verði leyfðar í klassískum kraftlyftingum til að forðast meiðslum og skaðlegu álagi á hnjám.
 - Beint var til stjórnar KRAFT að fara yfir og endurskoða árangursmarkmið í stefnunni fyrir formannafundinn í nóvember.
 - Ítrekað var mikilvægi þess að efla dómaramenntun og fjölga alþjóðadómerum KRAFT. Beint til dómaranefndar að vinna að þessu.
 - Rætt um gildi þess að halda æfingarbúðir fyrir keppendur, bæði innanfélags og milli félaga.
3. Mótaskrá KRAFT 2014-2016
Lögð voru fram drög mótanefndar að mótaskrá og greinagerð með þeim. Mennt voru almennt sammála þeim rökum sem voru lagðar til grundvallar. Fundurinn þakkaði mótanefnd fyrir hennar störf
 - Beint var til mótanefndar að skoða rök fyrir að halda aðskilin íslandsmót í opnum og aldurstengdum flokkum á næstu árum.
 - Beint til mótanefndar að bæta kraftlyftingakeppni á landsmótum UMFÍ inn á mótaskrá.
 - Rætt um kraftlyftingakeppni á landsmóti UMFÍ 2013. Kristinn Grétuson er sérgreinastjóri og hefur tekið að sér að vera mótshaldari. Hann er að leita að samstarfsmönnum í framkvæmdina. Málið verður kynnt á kraft.is og í bréfi til formanna félaga.
4. Reglugerð um mótahald.
Kynntar voru breytingar á reglum um mótahald.
 - Félagum er skylt að upplýsa sína félagsmenn um lyfjamál og lyfjapróf og er texti í reglunum sem ætlast er til að iðkendur samþykki.
 - Beint til ritstjóra að gera skjal aðgengilegt á kraft.is sem hægt er að prenta út til að láta iðkendur skrifa undir og til að hengja upp á áberandi stað á æfingarstöðum.
 - Hertar reglur um starfsmannamál á mótum voru samþykktar. Ákveðið var að bæta inn í refsíákvæði og ákvæði um undanþágu fyrir ný félög. Málið kynnt á kraft.is

Fundi slitið kl. 21.00

Fundaritari Gry Ek